

Fundur í umhverfis- og náttúruverndarnefnd fimmtudaginn 7. mars kl. 17.30 til 18:30 í fundaraðstöðu á Hótel Klaustri.

Mættir: Katrín Gunnardóttir, Rúnar Guðnason og Jóna Björk Jónsdóttir sem ritar fundargerð.

1. mál: Endurskoðun sorphirðu og sorpeyðingar í Skaftárhreppi.

Fundurinn leggur til að skipuð verði nefnd sem vinnur að nýrri metnaðarfullri áætlun í sorphirðu- og sorpeyðingu. Tillaga umhverfisnefndar er að nefndina skipi auk byggingafulltrúa, Ólafs Júlíussonar, sem okkar tillaga að verði formaður, Katrín Gunnarsdóttir, Gústaf Pálsson, Ólafur Björnsson og Þórdís Bjarnleifsdóttir. Einnig eru tilbúnir að bjóða fram starfskrafta sína Lilja Magnúsdóttir og Davíð Andri Agnarsson.


2. mál: Umhverfismarkmið.

Umhverfisnefnd mun vinna að umhverfismarkmiðum fyrir sveitarfélagið fyrir næsta fund umhverfisnefndar.

3. mál: Reglugerð um sorphirðu – kynnt.

4. mál: Minnipunktur frá fundi með Herði Davíðssyni v. fyrirkomulags sorphirðu – kynnt.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 21. mars klukkan 20:00


Katrín Gunnardóttir
Rúnar Guðnason
Jóna Björk Jónsdóttir